

greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefnda, Ingólfi Árnasyni, er hefir látið mæta í málinu, 40 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. dez. 1930.

Nr. 81/1930.

Hulda Þorsteinsson

gegn

Þorsteini Guðmundssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hulda Þorsteinsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hún og stefnda, Þorsteini Guðmundssyni, er hefir látið mæta í málinu, 40 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 20. dez. 1930.

Nr. 43/1930.

Hansína Inga Pétursdóttir (Sjálf)

gegn

Lárusi Fjeldsted (Sjálfur).

Frávísun.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt kröfu hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Fjeldsted, fyrir hönd Københavns Sadelmager-

magasin, er taldi sig eiga vixilkröfu á hendur áfrýjanda, frú Hansinu Ingu Pétursdóttir, er hefir kallað sig í áfrýjunarstefnunni, Ingu L. Gíslason, kvað skiftaráðandi Reykjavíkur hinn 24. ág. f. á. upp þann úrskurð, að bú hennar skyldi tekið til skiftameðferðar sem þrotabú

Þessum úrskurði skiftaréttarins hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 12. júní þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 6. s. m., en með því að hún hefir aðeins stefnt nefndum hæstaréttarmálaflutningsmanni, en ekki skiftaráðanda þeim, er kveðið hefir upp úrskurðinn og síðan hefir farið með búið, fyrir hönd búsins, svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 19. 2. okt. 1895, 1. gr., verður ex officio að vísa málinu frá hæstarétti, og verður þá einnig samkvæmt kröfu stefnda, að dæma áfrýjanda til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu visast frá hæstarétti.

Áfrýjandi, Hansína Inga Pétursdóttir, greiði stefnda, Lárusi Fjeldsted, 50 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.
